

Lagt fyrir fund velferðarráðs 13. ágúst 2026

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um greiningu á stöðu SIS-mata

Lagt er til að fela Velferðarsviði að vinna minnisblað með eftirfarandi upplýsingum:

1. Hlutverk SIS-mats við að tryggja þjónustuþegum þjónustu við hæfi yfir tíma.
2. Heildarfjöldi einstaklinga sem njóta þjónustu og hafa gilt SIS-mat, úrelt mat eða eru án mats, sundurliðað eftir þjónustubætti.
3. Núverandi verklag í tengslum við SIS-mat og endurnýjun þess
4. Greiningu á fjárhagslegum áhrifum þess að SIS-mat vanti eða sé úrelt þar á meðal:
 - a. Áætlað tekjutap vegna framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem borgin verður af vegna þjónustuþega sem eru án SIS-mats
 - b. Samanburð á raunframlagi úr Jöfnunarsjóði og þeim framlögum sem borgin hlyti ef öll SIS-möt væru reglulega uppfærð í samræmi við breyttar þarfir þjónustuþega

Greinagerð

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga úthlutar árlega framlögum til sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk. Úthlutunin byggir á SIS-mati einstaklinga. Það undanþáguákvæði sem áður leyfði framlög á grundvelli uppgefins kostnaðar án SIS-mats hefur nú verið afnumið, sem þýðir að gilt SIS-mat er nú skilyrði framlags vegna hvers þjónustuþega. Vanti einstakling mat eða sé matið orðið úrelt fær Reykjavík ekki tilheyrandi framlag vegna þjónustu við einstaklingin þó svo þjónustan sé veitt að fullu. Það veikir verulega fjárhagslegar undirstöður þjónustu Reykjavíkurborgar við fatlað fólk.

Samkvæmt gildandi viðmiðum á SIS-A endurmat að fara fram ekki sjaldnar en á 8–12 ára fresti. Í þessu sambandi er mikilvægt að fylgjast með breytingum hjá þjónustuþegum eldri en 55 ára og yngri en 25 ára þar sem þarfir þessara hópa breytast hraðar. Úrelt mat getur þar að auki valdið því að þjónustuáætlun endurspegli ekki raunverulegar þarfir.

Mikilvægt er að leiða fram hverjar þær upplýsingar sem kunna varpa ljósi á atriði sem eru mikilvæg til að veita fólki áreiðanlega þjónustu við hæfi en til þess þarf hún að byggja á fjárhagslega traustum grunni.